



DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vorbréf 2019

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*



Hvað mun dreyma

Hvað mun dreyma dögg á grasi og lyngi?
Vel að svala sælum gróðri,
sóley bjartri, fjólu hljóðri,
öllu lífi að yrkja þrótt.
Engan her – ekkert ljótt
dreymir morgundögg á grasi og lyngi.

Hvað mun dreyma barn með bros í augum?
Móðurhönd sem vonum vaggar,
veröld sólar, gróðurs daggar.
Barnsins draumi leggjum lið.
Ekkert stríð - aðeins frið
dreymir saklaust barn með bros í augum.

Jakóbína Sigurðardóttir



Samskipta- og útgáfunefnd óskar ykkur gleðilegs sumars.

Í fréttabréfinu að þessu sinni, sem er lokaafurð okkar, er fræðsla og fróðleikur að vanda.

Ávarp fráfarandi forseta, Jónu Benediktsdóttur, þar sem hún ræðir starf sitt sem forseti DKG og hvetur konur til dáða. Sagt er frá nýststöðnu landssambandsþingi og birtar nokkrar myndir þaðan.

Í síðasta fréttabréfi fjallaði María Steingrímsdóttir, Betadeild um námsstyrki. Því þótti okkur við hæfi að leita til nokkurra styrkþega og fá að fræðast um þeirra verkefni.

Í vor lýkur tímabili núverandi samskipta- og útgáfunefndar og munu þá systur okkar úr annarri deild taka við verkefninu. Undirritaðar hafa setið í nefndinni í tvö ár og gefið út fjögur fréttabréf að meðtöldu því fréttabréfi sem hér kemur út.

Hlutverk nefndarinnar er að sjá um að undirbúa og gefa út fréttabréf DKG sem kemur út tvisvar á ári, í desember og maí. Safna efni og setja upp í fréttabréfið sem gefið er út rafrænt á vef DKG. Við höfum nýtt okkur *dropbox* en gengið misvel að vinna inni í því. Eygló vefstjóri hefur verið okkur nefndarkonum innan handar við að setja fréttabréfið á vefinn.

Útgáfunefndin hittist reglulega og mikil samskipti eru á rafrænu formi þegar útgáfudagur nálgast. Vinnsla fréttabréfa tekur um það bil mánuð frá því að búið er að ákveða efni, fá það sent, prófarkalesa og raða því inn í skjalið. Þessi vinna hefur verið ánægjuleg og gefandi.

Við höfum leitað til fjölda kvenna til að skrifa greinar og fréttapistla á tímabilinu. Fastur liður í fréttabréfinu eru fréttapistlar frá deildum og bera formenn deilda ábyrgð á að þeir séu skrifaðir. Við þökkum þeim DKG-systurum sem lagt hafa lið með greinum í fréttabréfið og sérstaklega Eygló Björnsdóttur, vefstjóra, fyrir ómetanlega aðstoð.

Samskipta- og útgáfunefnd DKG:
Elinborg Sigurðardóttir
Guðrún Þóráanna Jónsdóttir
Málfríður Kolbrún Guðnadóttir



Ávarp frá landssambandsforseta Jónu Benediktsdóttur

Kæru DKG konur

Ég ætla að nota þetta tækifæri til að segja nokkur orð um það að vera í DKG og hvernig það er að takast á við forystuhlutverk í samtökunum.

Að vera í DKG

Ég býst við að við höfum hver sína sýn á það hvað þessi samtök gefa okkur, fyrir mér er það samvera og samstilling hugans með öllum þessum frábæru konum sem hafa svipuð áhugamál og ég sem gefur verunni í samtökunum gildi. Ég hef alltaf brunnið fyrir uppeldis og menntamálum og almennri samfélagslegri velferð. Þegar ég var yngri gerði ég mér ekki grein fyrir hversu mikilvægt væri að styðja konur sérstaklega til að láta að sér kveða við mótun og uppbyggingu samfélagsins og var því ekki virk í kvennabaráttu, sem ég hefði þó sannarlega átt að vera. Mér fannst ég því geta bætt nokkuð fyrir það þáttökuleysi mitt með því að hella mér út í starfið í okkar góða félagi.

Það verður mér sífellt ljósara eftir því sem árin líða að hlutur kvenna í stefnumótun og skipulagi þess samfélags sem við búum í hefur verið allt of veigalíttill og konur sem vilja hafa áhrif þurfa oft að leggja mun meira á sig til að vera taldar marktækar, en karlar. Eins og ég sé markmið DKG eru þau öll sjö til þess fallin að hjálpa okkur við þetta.

-Það að hafa öflugt tengslanet sem maður veit að stendur með manni, hjálpar manni við að þora að láta til sín taka.

-Það að heiðra konur sem hafa staðið framarlega á sviði menntamála hvetur aðrar konur til dáða og þegar tekið er eftir störfum manns á einhverjum vettvangi verður það yfirleitt góður drifkraftur til að beita sér enn frekar.

-Þegar starfsáhugi er eflur eykst um leið áræðni til að takast á við nýja hluti. Það felur oft í sér að þurfa að rökstyðja val sitt á verkefnum sem hjálpar manni við að mynda sér skýra sýn á samfélagið og verkefnið sem þarf að vinna til að það geti þróast á uppbyggilegan veg.





-Með því að hafa áhuga á lagasetningum og umbótum í menntamálum er sannarlega verið hafa áhrif á hvernig samfélag er byggt upp og þegar það er hlutverk kvenna að skoða það saman hlýtur það leiða til þess að augu okkar beinist að því hvernig ákvarðanir sem teknar eru geti virkað í jafnréttisátt.

- Þegar við sjálfar veitum konum styrki til að vinna í sínu framhaldsnámi erum við að veita þeim viðurkenningu og hjálpa þeim við að auka menntun sína. Aukin menntun veitir yfirleitt greiðari aðgang að störfum sem fela í sér stefnumótandi virkni fyrir samfélagið og stuðlar þar með að auknum líkum á að hugsun sem skiptir máli til að auka möguleika á að sjónarmið kvenna heyrast úti í hinum ýmsu stofnunum

-Markmiðið að efla faglegan og persónulegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni ætti kannski að vera það markmið sem við leggjum mesta áherslu á því þar liggur grunnurinn að þátttöku almennt, að maður hafi þor til að láta til sín taka og þor fæst með aukinni vissu um að maður hafi sitthvað til málanna að leggja.

- Síðasta markmiðið okkar um að fræða konur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum gæti kannski hljómað gamaldags því konur í nútíma samfélagi eru flestar færar um að afla sér þessara upplýsinga sjálfar. En orðræðan er ennþá þannig að konur virðast þurfa að sanna þekkingu sína með afgerandi hætti og mega alls ekki þykjast hafa vit á allskonar málum eins og karlar komast oft upp með. Það eru engin geimvísindi að setja sig inn í mál eins og raforkuflutning eða byggðakvóta og við eigum að láta raddir okkar heyrast þar eins og annars staðar.

Ég lít svo á að það sé okkar hlutverk, kvenna sem störfum að fræðslumálum, að reyna að breyta viðteknum viðhorfum til dæmis um kvenna og karlaverksvið svo komandi kynslóðir kvenna og karla þurfi minna að hafa fyrir kynjajafnrétti en þær sem gengnar eru. Það gerum við með því að taka pláss, setja okkur inn í mál og láta skoðanir okkar heyrast. Með því getum við sinnt forystuhlutverki okkar í samfélaginu þannig að það verði til góða í fjölbreyttu samhengi, ekki bara menntamálum. Innan DKG gefast góð tækifæri til að æfa sig í öruggu umhverfi í því að taka pláss og láta rödd sína heyrast.





Þá um að sinna forystuhlutverki í samtökunum

Þegar hún Ingibjörg Jónasdóttir hringdi í mig og beitti algjörrri stórsníld til að fá mig til að taka að mér hlutverk forseta DKG hafði ég ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í. Það er stundum ágætt að vita ekki hvaða verkefni bíða manns því þá hefur maður ekki áhyggjur af því fyrirfram að maður ráði ekki við þau. Þessi tvö ár eru búin að vera mjög lærdómsrík fyrir mig og ég hef gert allskonar hluti sem mig hefði ekki órað fyrir að ættu fyrir mér að liggja. Ég hef æft mig heilmikið í að skrifa á ensku og skilja texta sem ég hefði alla jafna ekki lesið, til dæmis með því að þurfa að fara gegnum allar 240 lagabreytingatillögurnar sem voru lagðar til á síðasta alþjóðþingi. Í fréttabréfum forseta hef ég fengið tækifæri til að koma hugleiðingum mínum um mikilvæg verkefni á framfæri við ykkur allar. Ég hef fengið tækifæri til að sjá hvað deildirnar okkar eru ólíkar og hversu margt er hægt að læra af starfi þeirra. Ég hef líka fengið tækifæri til að kynnst fjöldanum öllum af konum sem hafa lagt á sig starf fyrir samtökin okkar og fyrir það er ég ákaflega þakklát. Það er ótrúlegur sjóður þekkingar og samfélagslegrar vísu sem býr í okkar góðu samtökum og ég þakka fyrir að hafa fengið tækifæri til að kynnst þeim betur. Það að taka þátt í starfinu á alþjóðavísu hefur opnað augu mín fyrir því hversu stór samtökin eru og þó að við á Íslandi séum lítill hluti heildarfjöldans í samtökunum höfum við góð tækifæri til að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Ég hef reynt það á eigin skinni í starfi mínu í félaginu okkar að viðhorf til jafnréttis sem þykja sjálfsgöð hér á landi erum mörgum DKG konum í hinni fjölmennu Ameríku beinlínis framúrstefnuleg. Ég hvet ykkur því til að gefa kost á ykkur til starfa í alþjóðlegum nefndum, sækja ráðstefnur og mynda tengsl því þannig getum við svo sannarlega lagt okkar lóð á vogarskálar til að bæta stærri heim en þann sem við hrærumst í dags daglega

Undanfarna daga hefur mér oft verið hugsað til smáfuglanna á Íslandi, þá ekki síst þegar þeir byrja að syngja ástarljóðin sín fyrir utan gluggann minn strax upp úr klukkan fjögur á morgnanna. Þeir eru svo litlir en hafa svo mikil áhrif á líf manns, það er ómögulegt að ætla sér að sofa bara áfram þegar þessar píslir eru byrjaðar. Gleðin í tónunum þeirra er einhvern veginn þannig að þeir reka mann út úr rúminu og í að gera eitthvað gagnlegt. Það er nefnilega ekki endilega stærðin eða aflíð sem gerir manni kleift að láta heyrast í sér eða hafa áhrif á lífið í kringum sig heldur það sem maður hefur fram færa og hvernig maður kemur því frá sér. Þó að við séum litill hluti kvenna í fræðslustörfum á Íslandi og heiminum öllum getum við haft áhrif. Félagsskapurinn okkar hefur að markmiði að hvetja konur til virkni og þátttöku. Samfélagið þarf á því að halda að við gefum því af tíma okkar, þátttaka í starfi DKG er gott tækifæri til að efla eigin þroska og bæta samfélagið til framtíðar. Ég gleðst yfir því að fá að taka þátt í því með ykkur öllum. Takk fyrir samstarfið og hafið það gott í sumari. Sjáumst vonandi sem flestar á alþjóðaráðstefnunni í júlí.





Að loknu Landsambandsþingi DKG

Á miðjum morgni 4. maí í miðbæ Reykjavíkur kom saman hópur kvenna í fallegu húsi við Þingholtsstræti sem á sér langa sögu en hýsir nú Kvinnaskólann en áður Verslunarskólann. Undirrituð gekk oft framhjá þessu húsi á sjöunda áratug síðustu aldar þá búandi í bakhúsi við Grundarstíginn og stundaði nám í Kennaraskóla Íslands.



Það var gaman að koma í þetta hús og hitta glaðan hóp DKG-systra. Jensína Valdimarsdóttir gjaldkeri tók á móti hverri konu og afhenti nafnspjald og aðrar nauðsynlegar upplýsingar. Boðið var upp á hressingu áður en gengið var til fundarstarfa. Eftir ávörp forseta DKG á Íslandi og fulltrúa frá alþjóðasamtökum DKG voru hefðbundin aðalfundarstörf. Landsambandið stendur vel fjárhagslega, hagnaður árána 2017 – 2019 eru rúmar tvær milljónir. Jónu Benediktsdóttur forseta og hennar stjórn voru þökkuð góð störf.



Ný stjórn var valin á fundinum - forseti Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, varaforsetar eru Jónína Hauksdóttir Betadeild og Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, ritari Aníta Jónsdóttir Betadeild og meðstjórnandi verður Theódóra Þorsteinsdóttir Deltadeild



Lace Marie frá alþjóðasamtökunum hélt erindi um stjórnun og hvatti fundarkonur til að skrifa á miða „afburðafærni“ sína og setja framan á ísskápinn til að minna sig á. Einnig nefndi hún aðra mikilvæga þætti til að vera góður stjórnandi eins og að vera góður hlustandi, viðurkenningu og vogun.



Jensína gjaldkeri brá sér í íþróttakennarahlutverkið um stund og við teygðum líkamann eftir megni og held bara að við höfum lengst smávegis í nokkrar sekúndur.

Sigrún Aðalbjarnardóttir hélt erindi sem hún nefndi *Hlúð að velferð ungs fólks*. Hún hefur gert mikla rannsókn um það efni þar sem skoðaðar eru meðal annars lífssögur ungs fólks, uppeldi, samskiptahæfni, tilfinningaþroski, siðferði, fjölmeningarhæfni og borgaravitund. Sigrún hefur gefið út bók um rannsóknir sínar.



Einnig var sungið fallett lag undir stjórn Soffíu Vagnsdóttur.

Boðið var upp á rjómapönnukökur í fundarlok en við fengum einnig fínan mat í hádeginu sem eldaður var af kokki skólans.

Þetta var yndislegur dagur – ég þakka gott viðmót og góðan viðurgjörning.

Guðrún Þórána Jónsdóttir
Epsilondeild





Frá deildum

Alfa

Í Alfadeild lagði stjórnin sig fram um að bjóða deildarkonum upp á dagskrá sem hefði sterka tengingu við það sem helst er á döfinni í menntamálum. Á fyrsta fundi deildarinnar kynnti Soffía Vagnsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skóla- og frístundasviði menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“. Stefnan sem unnin var í víðtæku samráði skólafólks í Reykjavík, foreldra og nemenda byggir á fimm grundvallarþáttum: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði.




Í nóvember fékk deildin Einar K. Guðfinnsson formann nefndar um 100 ára afmæli fullveldisins á fund sinn og greindi hann frá dagskrá ársins og útgáfu í tilefni fullveldisafmælisins. Viðburðir ársins voru af margvíslegum toga og fóru fram um allt land.

Afmælisnefndin hélt úti dagskrárvef www.fullveldi1918.is og voru 459 viðburðir skráðir á dagskrárvef afmælisársins.

287 þúsund gestir sóttu skráða viðburði.

Jólafundur var haldinn á Lækjarbrekku í desember. Snæddur var hádegisverður, Margrét Blöndal kom og las upp úr nýútkominni jólabók sinni. Flutt var orð til umhugsunar auk þess sem dregið var í happdrætti.

Í janúar flutti Eiríkur Rögnvaldsson prófessor emeritus erindi um stöðu og framtíð íslenskunnar. Eiríkur ræddi af víðsýni um þróun íslenskunnar en hann er opinn fyrir eðlilegri þróun tungumálsins en hefur jafnframt bent á að við verðum að vera vakandi og spyrna við fótum eigi íslenskan ekki að hverfa í ginenskunnar.





fyrir m.a. á sviði talkennslu en talkennsla Tröppu fer fram með aðstoð fjarfundabúnaðar. Fundurinn var haldinn í húsnæði Tröppu, Aðalstræti 12 en fyrir fundinn hittust deildarkonur á kaffihúsi.

Lokafundur ársins er svo undir lok maí en þá mun María Sólveig Héðinsdóttir segja frá þeirri reynslu sem hún upplifði á ferð sinni í grunnbúðir Mount Everest.



Í febrúar bauð Alfadeild konum í Kappa og Gammadeild að sitja fund Alfadeildar í Kerhólum, Borgartúni 12 þar sem Lilja Alfreðsdóttir ráðherra mennta-og menningarmála gerði grein fyrir helstu áherslum núverandi ríkisstjórnar í menntamálum. Að loknu máli sínu gaf ráðherra sér góðan tíma fyrir umræður þar sem velt var upp málum er varða öll skólástig enda mikill mannauður í salnum.

Á marsfundi Alfadeildar kynntu deildarkonur sér talkennslu sem veitt er af Tröppu ehf.. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir greindi frá starfsemi Tröppu og Köru og þeirri nýsköpunarvinnu sem fyrirtækið hefur staðið

**Alfadeildin, fyrsta deild
DKG samtakanna á Íslandi,
var stofnuð 7. nóvember
1975 í Reykjavík**




Beta

Vorönn 2019 hefur liðið hratt og vel í Betadeild. Við höfum árið á bókafundi þar sem fjallað var um fjölbreytt úrval bóka, tekinn saman bókalisti og í lokin fór fram val á tveimur bókum til að fjalla um á fundi í mars. Bækurnar tvær voru svo teknar til umræðu á leshringfundum sem haldinn var að Norðurslóð.



Alfa og Bryndís fjölluðu m.a. um hvað felist í barnvænu samfélagi skv. þessum sáttmála, hvar áherslurnar liggja í því starfi að koma því á og fóru yfir aðgerðaráætlun sem samþykkt var nýlega í bæjarstjórn. Aprílfundur var haldinn í húsnæði fræðslusviðs. Fyrir þann fund höfðu konur kynnt sér Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og á fundinum var því velt upp hvernig okkar félag geti lagt sitt af mörkum? Umræður fóru fram í hópum og í lokin voru niðurstöður teknar saman. Ljóst er að þessari vinnu þarf að halda áfram. Eftir umræður var erindi frá Evu Harðardóttur, doktorsnema í menntavísindum og framhaldsskólakennara.

Febrúarfundur var haldinn í Menntaskólanum á Akureyri þar sem gestafyrirlesarar voru Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar Akureyrarbæjar og Bryndís Elfa Valdemarsdóttir verkefnastjóri á skrifstofu samfélagssviðs. Þær kynntu fyrir Betakönum innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hjá Akureyrarbæ sem er fyrsta sveitarfélagið til að innleiða þennan sáttmála.





Eva þekkir vel til starfsemi Sameinuðu þjóðanna og hefur starfað í Malaví og á fleiri stöðum þar sem hún hefur sérstaklega unnið að framgangi menntunar barna. Þetta var magnaður fyrirlestur sem vakti áhuga og umhugsun hjá fundarkonum sem hefðu getað setið lengi og rætt efni hans.

Árið 2019 eiga óvenju margar félagskonur í Betadeild stórafmæli og gefur deildin þeim *sannar gjafir* frá Unicef til barna í neyð. Það er því óhætt að segja að þetta vorið hafi Betadeild látið sig samfélagið og heiminn varða.

Með sól í sinni og góðri kveðju frá Akureyri,
Sigríður Magnúsdóttir.



Jóhanna átti stórafmæli



**Betadeild var stofnuð
þann 2. júní 1977.
Í deildinni eru konur frá
Akureyri og nágrenni**



Delta

Deltadeild hefur fundað tvisvar á árinu fram að þessu, en framundan er vorkundur þar sem stefnt er á lengri samveru en venjulega.

Starfið í vetur hefur verið ánægjulegt. Við höfum blandað saman formlegheitum þar sem starf samtakanna er haft í heiðri og innra starfi deildarinnar með því sem við viljum hafa í okkar deild, að víkka sjóndeildarhringinn og styrkja persónulegan þroska. Með í för sé þar ævinlega kærleikur, hlýja og gleði svo að okkur líði vel saman og deildin sé bæði uppspretta nýrra hugmynda og samtímis skjól fyrir streitu og áreitni umhverfisins.



Til að efla faglegan og persónulegan þroska heimsóttum við ráðgjafafyrirtækið Capacent í Reykjavík ásamt Lambdadeild í mars. Þar kynntumst við hugmyndafræðinni "Design Thinking", sem fyrirtækið býður fyrirtækjum, sem hyggjast taka á sínum málum.

Að lokinni heimsókninni bauð Lambdadeildin okkur á vinnustað Kolbrúnar Pálsdóttur, sviðsforseta og dósents við Menntavísindasvið Háskóla Íslands




þar sem við nutum samvista og hlýddum á innlegg Kolbrúnar um málefni kennaramenntunar og framtíðarsýnar hennar.





Á janúarfundinum lögðum við leið okkar í Brákarhlíð í Borgarnesi og kynntum okkur iðjupjálfun aldraðra þar, sem vakið hefur athygli. Deltadeildin leggur sig eftir að hver og einn félagi fái tækifæri til að segja ítarlega frá sjálfri sér og því sem stendur henni hjarta næst, við syngjum saman og starfrækjum happdrætti.



Í vetur hefur verið gefinn sérstakur gaumur að vefmálum og þó enn sé ekki allt komið í lag á vefnum okkar, höfum við náð að komast áleiðis. Meðal annars höfum við fengið myndasmið til að taka myndir í félagatalið svo þar ríki samræmi.



Á vorfundinum í Nesi eigum við saman síðdegi, kvöld og fram að hádegi næsta dag, uppstigningardag. Þar er aðstaða til að hafa fund, elda, gista og baða sig í náttúrulegum. Við tókum inn einn nýjan félag, Rut Jörgensdóttur Reuthenberg og vonandi kemst Jóna Benediktsdóttur forseti til að vera með okkur.

Jónína Eiríksdóttir, formaður Deltadeildar



**Deltadeild var stofnuð
þann 5. júní 1987.
Í henni eru konur á
Vesturlandi
og suður til Reykjavíkur**



Epsilon


Fyrsti fundur ársins 2019 var haldinn í Hveragerði um miðjan janúar – hinn árlegi bókafundur. Það var margt rætt – margar bækur nefndar og konur veltu vöngum. Fóru heim með alls konar góða bókatitla skráða hjá sér.



Þetadeildin af Suðurnesjum kom í heimsókn um miðjan apríl. Við ákváðum að fara með þeim um ströndina hér syðra. Fyrst sýndum við þeim Þorlákskirkju og Rán Gísladóttir kirkjuvörður sagði okkur frá byggingu kirkjunnar – hvers vegna kirkjugarðurinn var tekinn í notkun og svolítið af 70 ára sögu staðarins.

Annar fundur ársins var haldinn í mars uppi í Ásaskóla. Aðalefni fundarins var frásögn ábúenda í Ásaskóla um skólahald í sveitinni sl. 100 ár og svo fléttuðu gestgjafar söng og píanospili inn í frásögnina.

Skólinn er löngu aflagður en þau keyptu húsið, gerðu það upp og nú er þar gestamóttaka og gístaðstaða. Við fórum afar glaðar heim og miklu fróðari um þennan leynda gimstein.





Við kíktum í Grunnskólann í Þorlákshöfn og skoðuðum stjórnunarálmuna þar. Við fórum í Hendur í höfn þar sem við fengum ljúffenga súpu og brauð. Síðan brunuðum við á Eyrarbakka þar sem Anna Jónsdóttur í Konubókastofu sagði okkur frá tilurð stofunnar og sýndi okkur aðstöðuna. Loks var farið í Húsið og safnvörður sagði okkur ýmsan fróðleik. Þetadeildarsystur gerðu góðan róm að skipulaginu og því sem þær sáu.

Einn fundur er eftir hjá Epsilondeild en hann verður í Skálholti síðast í maí.

Orð til umhugsunar og happdrætti eru fastir liðir á öllum fundum. Við borðum saman að loknum fundum á einhverjum góðum veitingastað sem eru nokkuð margir hér á svæðinu.

Ingibjörg Þorleifsdóttir
formaður



**Epsilondeild var
stofnuð 1989
og starfar deildin á
Suðurlandi.**



Mý

Haldnir hafa verið tveir fundir eftir áramót 2019 sem að venju voru bæði skemmtilegir og fræðandi. Sá fyrri var haldinn í Síðuskóla 31. janúar. Björg Sigurvinsdóttir flutti orð til umhugsunar, hún fjallaði á einlægum hátt um eigin reynslu af framhaldsmenntun á miðjum aldri.



Gestur kvöldsins var Arnar Már Arngrímsson rithöfundur hlaut m.a. bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2016 fyrir Sölvasögu unglings. Arnar Már sagði frá tilurð sögunnar, bókmenntahátíðum og heimsóknum í skóla á Norðurlöndunum undir samnorræna verkefninu: „Skáld í skólum“

Umræður sköpuðust um verkefnið og hvort það væri virkt hér. Konur voru sammála um að verkefnið ætti rétt á betri kynningu á Íslandi. Jenný Gunnbjörnsdóttir hvatti konur til þess að mæta á alþjóðlega DKG-þingið í júlí í sumar í Reykjavík og senda inn erindi fyrir málstofur eða stutt innlegg.

Seinni fundurinn var svo haldinn 12. mars, í húsnæði Skólasviðs Akureyrar. Anna Guðmundsdóttir fór með orð til umhugsunar. Anna sagði skemmtilega frá reynslu sinni af samfélagi býflugna. Hvernig drottningin stýrir búinu, lífi þernanna og hvernig hunangið myndast. Eftir að konur höfðu snætt dýrindis smárétti flutti Sesselja Sigurðardóttir Mý deildarkona erindið; Lítil börn, heilabroski og tengslamyndun. Erindið fjallaði um nýjustu rannsóknir á heilastarfsemi barna og áhrifum erfða, gena og umhverfis á þroska heilans, tengslamyndun ungbarna og mikilvægi þess að foreldrar og aðrir sem annast ungbörn sinni þeim af kostgæfni. Ingileif Ástvaldsdóttir sýndi dagskrá Alþjóðlega DKG þingsins í Reykjavík í sumar og hvatti konur til að mæta.

Sjötti og síðasti fundur starfsársins er áætlaður 15. maí 2019 að Fremstafelli 1, Þingeyjarsveit. Byrjað verður á smá göngutúr um hús og vinnustofu. Orð til umhugsunar fjalla um List án landamæra. Þá verður sest að snæðingi og fluttar sögur og ljóð úr nágrenninu og hugmyndir fyrir næsta samræðuþing á alþjóðadegi kennara ræddar.



**Mýdeild var stofnuð
2011 og starfar á
Norðausturlandi.**



Zeta

Segja má að gengið hafi á með éljum hjá nýrri stjórn og deildarkonum í Zetadeild í vetur. Fyrsta fundinn átti að halda á Seyðisfirði því til stóð að tvær konur frá Seyðisfirði myndu ganga í félagið. Ekkert varð þó af þeim fundi þar sem veðurspá var ekki góð og ófærðarfundurinn frá vorinu ekki gleymdur. Fjarðarheiði er ekki árennileg þegar veður versnar.



Við náðum að halda fyrsta fundinn í Neskaupstað í október og gestur okkar var Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sem fræddi okkur um starfsemina. Annar fundur í Zeta deild var haldinn 22. nóvember 2018 í Tehúsinu Hostel Egilsstöðum. Byrjað var á að fara í heimsókn í Hús Handanna þar sem Lára Vilbergsdóttir tók á móti Zeta konum og kynnti starfsemina. Hús Handanna er sérværslun og gallerí með hvers kyns framleiðslu, hönnun, handverk og listsköpun á Austurlandi.



Jólafríð varð langt því að fundurinn sem átti að vera á Reyðarfirði í febrúar féll niður. Við hittumst síðan á Eskifirði þann 13. mars og áttum góða stund saman. Við vinnum að því að efla deildina með því að fjölga bæði konum og stöðum hér fyrir austan. En á sama tíma verðum við líka að hlúa að þeim sem eru nú þegar í deildinni. Við minntum okkur á að ekki er alltaf nauðsynlegt að leita út fyrir deildina, við sjálfar höfum frá ýmsu að segja og vettvangurinn kjörinn til þess. Við stefnum á vofund á Seyðisfirði 22. maí og þá fjölgar í deildinni hjá okkur. Vorkveðjur að austan.

Guðrún Ásgeirsdóttir



**Zetadeild var stofnuð
1. júní 1990 og
starfar á Austurlandi og eru
félagskonur frá Fljótsdalshéraði og
neðan af fjörðum.**



Eta

Á nýju ári 2019 hafa verið haldnir þrír fundir í Etadeild. Fyrsti fundur ársins var haldinn í febrúar á Sögusafninu, Grandagarði. Í þessu fjölbreytilega safni rifjuðu systur upp Íslandssöguna á skemmtilegan hátt. Í safninu er rakin saga íslensku þjóðarinnar frá upphafi landnáms og að siðaskiptum.

Gestir eru leiddir í gegnum atburði í sögu okkar með hljóðleiðsögn þar sem eftirmyndir af sögufrægum persónum tóku á móti þeim. Það var Ágústa Hreinsdóttir sem tók á móti hópnum en hún rekur safnið ásamt eiginmanni sínum, Ernst Backmann. Mjög áhugverð heimsókn og athyglisverð. Ingibjörg M. Möller var með orð til umhugsunar og las upp þrjú ljóð og sagði frá höfundum þeirra þeim Aðalsteini Ásberg Sigurðssyni, Elísabetu Jökulsdóttur og Ólafi Ragnarssyni.



Á öðrum fundi ársins, sem haldinn var í mars í Hannesarholti var brugðið út af venjunni og sjónum beint að Eta-systur sjálfum. Þema fundarins var samskipti. Við vildum eiga samveru í þeim anda að blanda geði, kynnast

betur og gefa öllum fundarkonum kost á flytja sín eigin orð til umhugsunar og tjá sig um það sem þeim væri ofarlega í huga. Fundarkonur tjáðu sig með ýmsum hætti, ein las upp ljóð, nokkrar fjölluðu um starfslok og það frelsi sem þau veita.

Þá ræddu konur um umhverfismál, matarsóun, fatasóun og framtíð barna okkar. Einnig ræddu systur um mikilvægi þess að gleyma ekki fortíðinni og takast á með jákvæðni við áskoranir daglegs lífs. Loks var rætt um hve miklu skipti að rækta tengsl, gefa af sér, sýna samúð og samkennd og eiga góð samskipti við aðra.

Þriðji fundur Etadeildar var haldinn í byrjun maí á Hótel Íslandi þar sem Aðalsteinn Arnarsson skurðlæknir tók á móti okkur og sagði frá Klínikinni og starfi sínu. Klínikin hefur verið mikið í þjóðfélagsumræðunni undanfarið og vildum við fræðast ögn nánar um starfsemina og fá betri innsýn í það hvernig rekstrinum er háttað. Aðalsteinn sagði okkur einnig frá því að nú er fyrirtækið í eigu starfsfólks sem eru bæði læknar og hjúkrunarfræðingar. Að loknum fyrirlestri sýndi hann okkur aðstöðuna, sjúkrarými sem og skurðstofur. Fundir Eta-deildar á starfsárinu hafa verið afar fróðlegir og gefandi og Eta-systur fróðleiksfúsar að vanda.



**Etadeild var stofnuð
í Reykjavík
6. júní 1997**



Iota

Við upphaf starfsársins var ákveðið að halda þrjá fundi hvora önn. Vorönninn hófst í byrjun janúar á árlegum bókafundi þar sem hver og ein félagskona segir frá áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið eða hlustað á. Það kemur alltaf á óvart hversu fjölbreyttu lesefni konur hafa valið að segja frá. Bækur sem kynntar voru til sögunnar að þessu sinni voru bæði nýútkomar og eldri, innlendar og erlendar. Sköpuðust mjög skemmtilegar umræður og skoðanaskipti um skrif, túlkun og heimildaöflun höfundanna.



Marsfundurinn var haldinn í Háskólasetrinu á Ísafirði. Gestur fundarins var Linda Dröfn Gunnarsdóttir verkefnisstjóri um móttöku flóttafólks á Vestfjörðum. Á síðasta ári komu hingað á svæðið fimm fjölskyldur frá Sírylandi og Írak alls 23 einstaklingar, sem búa á Ísafirði, Flateyri og í Súðavík. Í máli Lindu kom fram að öll aðstoð við flóttafólkið hafi verið unnin í samstarfi við Rauða krossinn. Linda lagði ríka áherslu á hve fræðsla og upplýsingagjöf væri mikilvæg í svona verkefni. Það þarf að kynna fólkinu hver réttindi þess eru hér á landi, útvega

túlka, húsnæði, koma á íslenskukennslu, tengja fólkið við heilbrigðisþjónustuna, aðstoða fullorðna fólkið við atvinnuleit og margt og margt. Fólkinu hefur vegnað vel og flestir í vinnu og börnin sækja leik-, grunn- og framhaldsskóla. Á fundinum var Heiðrún Tryggvadóttir með Orð til umhugsunar. Í orðum Heiðrúnar kom fram að með þeim nemendum sem eru flóttamenn og koma í menntaskólann á vegum sveitafélaganna fylgi fjármagn og túlkur en komi flóttanemandi á annan hátt fylgir ekkert fjármagn og engin aðstoð. Síðasti fundur þessa vetrar var haldinn í lok apríl í Tónlistaskólanum á Ísafirði. Sveinfríður Olga Veturliðadóttir skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði kynnti fyrir okkur helstu aðriði úr mastersritgerð sinni frá því í nóvember s.l. heiti ritgerðarinnar er: „Þetta er það sem ég elskaði að gera“. Markmið Olgu með rannsókn sinni var að skoða hver reynsla kennara væri af áreitni nemenda og foreldra, hvaða áhrif hún hefur á líðan í stafi og einkalífi. Það er staðreynd að kennarar verða fyrir áreitni af hálfu foreldra og nemenda. Kemur m.a. fram í rannsókninni að kennarar upplifa úrræðaleysi í skólum/ skólakerfinu til að takast á við erfiða hegðun nemenda. Afar áhugavert var að hlýða á kynningu Olgu og var merkilegt að geta samsamað sig við eitt og annað sem þar kom fram. Ritgerðin er aðgengileg í Skemmunni. Steinunn Guðmundsdóttir, formaður.



**Iotadeild var stofnuð
5. júní 2004
og starfar hún á
norðanverðum Vestfjörðum.**



Peta

Vorönn 2019 var svo sannarlega skemmtileg og fjölbreytt hjá Þetadeild. Við hófum árið á bókafundi á heimili Guðbjargar Sveinsdóttur sem bauð upp á frábæra fiskisúpu og köku. Sex gestir sem eru í inntökuferli tóku þátt í fundinum. Að þessu sinni kynntu félagskonur bækur sem þær hafa lesið og hrifist af og úr því var hinn fínasti leslisti sem birtur var á facebókarsíðu Þetadeildar.



Febrúarfundurinn var haldinn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Louise Loweng, sem er leikskólastjóri í Bretlandi og hefur verið í samstarfi við leikskólann Holt í Reykjanesbæ, var gestur fundarins ásamt tveimur kennurum þeim Helen Lawrence og Tönju Brandt frá Danmörku. Louise fjallaði um skapandi starf með börnum í anda Reggio Emilia og sýndi myndir og myndbönd frá skólastarfinu í hennar skóla. Fyrirlesturinn var mjög fróðlegur og skemmtilegur. Marsfundurinn var haldinn í Sandgerðisskóla en þar tók Hólmfríður Árnadóttir, skólastjóri Sandgerðisskóla á mót

okkur og sagði frá starfinu í skólanum og þeim verkefnum sem verið er að vinna þar.



Það voru síðan 17 hressar Þetakonur sem héldu á vit ævintýrana á Suðurlandinu í apríl þar sem Epsilonkonur tóku á mót þeim. Byrjað var á að heimsækja Þorlákskirkju þar sem Rán kirkjuvörður sagði frá kirkju og garði. Því næst var farið á kaffihúsið Hendur í Höfn þar sem snædd var dýrindis epla/gulrótasúpa. Eftir matinn var ekið austur fyrir Ölfusá og skoðað Húsið og Konubókasafnið. Ferðin var fróðleg og skemmtileg og Epsilonkonur góðir gestgjafar.

Gerður Pétursdóttir
formaður



Þetadeild var stofnuð
26. nóvember 1998
og starfar á Suðurnesjum



Lambda

Starfsárið 2018-2019 hittust Lambdakonur á sex fundum. Þema ársins var kynning á verkefnum félagskvenna. Það er mat stjórnar að starfið í deildinni hafi eflst og fjölgað þeim sem mæta hverju sinni.



Sigríður Hagalín Björnsdóttir kom og kynnti bók sína *Hið heilaga orð*. Sigríður sagði frá sér, aðdraganda bókarinnar og söguþræði áður en hún las spennandi kaflabrot úr bókinni og svaraði spurningum.

Fyrsti fundur ársins 2019 var haldinn miðvikudaginn 30. janúar í Melaskóla. Byrjað var á leiðsögn um skólann þar sem sagan var rakin í stuttu máli, gengið um friðaða bygginguna og skólastofur skoðaðar. Steingerður var með orð til umhugsunar og las upp áhugaverðan texta um formóður sína, hinn fróðleiksfúsa kvenskörung, Sigurfljóð ljósmóður sem hún hefur sótt innblástur til á námsferli sínum. Björg var síðan með greinargóða og áhugavekjandi kynningu á leiðsagnarmati eins og kennarar í Melaskóla hafa verið að vinna að undanfarin misseri.

Á fyrsta fundi vetrarins 27. september heimsóttum við Austurbæjarskóla og Skólamunastofuna sem Hollvinafélag Austurbæjarskóla kom á laggirnar. 5 nóvember hittumst við í leikskólanum Hæðarbóli og Sigurborg skólastjóri sagði frá þróunarverkefninu „Skólinn minn“ sem snýst um að jafna aðstæður barna til náms með því að nýta styrkleika starfsmanna og leyfa starfsmönnum að blómstra hver á sínu áhugasviði. Jólafundur var haldinn miðvikudaginn 12. desember heima hjá Birnu formanni í Skógarselinu.





Vorfundur Lambdadeildar verður haldinn í byrjun júní, þá er fyrirhugað að heimsækja Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd. Gerður segir sögur af sínu fólki, skólanum og skólagöngunni og Viktoríu kennara.

Fimmti fundur starfsársins 14. mars var sameiginlegur með konum úr Deltadeild. Fundurinn hófst á heimsókn í Capacent. Hlín Helga Guðlaugsdóttir kynnti ráðgjafastarf fyrirtækisins, sem byggir á hugmyndafræði, sem kennd er við Design Thinking. Þaðan var haldið í hús Menntavísindasviðs HÍ þar sem Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs kynnti námið á Menntavísindasviði sem skiptist nú í fjórar deildir en sviðið menntar kennara fyrir öll skólastig.



**Lamdadeild var stofnuð
í Reykjavík
28. október 2010.**



Nu

Þá er annar vetur okkar í NU deild að klárast og erum við búnar að sækja allar heim í okkar deild. Við höfum náð að kynnst vel og mynda góð tengsl í hópnum okkar sem er dýrmætt.



Í september fengum við skemmtilega heimsókn frá systur okkar úr Beta og Mý deildum og fórum við á Gestastofu Sútarans á Sauðárkrók og borðuðum svo saman á Kaffi Krók.

Systur okkar í Framhaldskóla Norðurlands vestra tóku á mótum okkur á Sauðárkróki í október og í nóvember hittumst við á leikskólanum á Hvammstanga. Eins og fyrsta veturinn okkar voru ekki skipulagðir fundir í desember, janúar og febrúar en nokkrar systur hittust í byrjun janúar á bóka fundi þar sem þær ræddu bækurnar sem þær lásu um jólin.

Heimsóknirnar um héraðið héldu svo áfram til systra okkar og í mars mánuði var tekið á mótum okkur í Farskólanum og í apríl lá leiðin á Hofsós þar sem við heimsóttum Grunnskólann austan Vatna.



Maífundurinn verður svo í síðustu viku mánaðarins og ætlum við að heimsækja Sólgarða í Skagafirði.

Eins og segir hér að ofan eru þetta búin að vera tvö góð ár sem við höfum starfað og er markmiðið okkar núna að fjölga í hópnum okkar og bjóða fleiri áhugasömum konum inn í félagsskapinn okkar. Næsta ár verður tengt einhverju þema sem við getum unnið að jafnt og þétt allan veturinn.

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir,
formaður NU deildar.



**Nudeild var stofnuð
á Blönduósi
2. apríl 2017**



Frá nokkrum styrkþegum DKG

Í síðasta fréttabréf sagði María Steingrímsdóttir, formaður námsstyrkjanevndar frá námsstyrkjum sem DKG konur eiga kost á að sækja um. Hér á eftir eru hugleiðingar nokkurra styrkþega:



Þegar ég sótti um styrk úr Námsstyrkjasjóði DKG á Íslandi var ég að ljúka mastersverkefninu mínu. Ég hafði aldrei sótt um námsstyrk áður en ákvað að prófa og fékk styrkinn. Þetta var árið 2011 en þá hafði ekki verið veittur styrkur í einhver ári úr sjóðnum. Við vorum tvær sem fengum styrk það árið, sitt hvorar 100 þúsund krónurnar.

Það var mikil hvatning að fá jákvætt svar við sinni fyrstu styrkumsókn. Í raun hafði lítill kostnaður hlotist af verkefninu sem slíku en ég hafði unnið að því í eitt og hálf ár með fullri vinnu í skólastjórnun. Því var þessi aukapeningur kærkominn. Fyrst ég þurfti ekki að nota þessa peninga í verkefnið þá kviknaði áhugi á að nýta hann í starf með DKG.

Ég ákvað því að fara á Evrópu Forum það árið. Það var haldið í Baden-Baden og var alveg ógleymanlegt að taka þátt í því. Mig minnir að þangað hafi farið einar 29 konur frá Íslandi og það var samheldinn og góður hópur sem ég kynntist og held tengslum við enn í dag. Ég er ekki viss um að ég hefði farið á þingið ef ég hefði ekki fengið þennan aukapening en hann kveikti alla vega í mér að taka frekari þátt í starfi DKG á Evrópuvísu.

Margir sem vinna að stórum verkefnum eins og meistaraþrófaverkefnum eða doktorsverkefnum lenda í talsverðum kostnaði þó það hafi ekki átt við í mínu tilfalli. Því tel ég að þessi styrkur hjálpi tvímælalaust í þeim efnum. Ef kostnaður hefur ekki hlotist af eins og í mínu tilfalli þá held ég að áhugi félagskvemma fyrir DKG vakni við að fá þessa umbun.

Kærar þakkir fyrir mig.
Þorgerður Sigurðardóttir,
Beta deild





Ég var í meistaranámi við Háskólann á Akureyri á árunum 2011-2017, meðfram kennslu við listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri. Í meistaraþrófsrannsókninni mótaði ég nýtt námsefni í teikningu við raunverulegar aðstæður í samvinnu við nemendur með aðferðum starfenda- og listrannsókna. Ég aflaði margskonar gagna og greindi þau frá sjónarmiði mínu sem kennara, rannsakanda og myndlistarmanns. Niðurstöður rannsóknarinnar voru settar fram með þrennum hætti; sem rannsóknarskýrsla, sem námsefnið *Ég sé með teikningu* og sem myndlistarsýningin *Ég sé mig sjáandi*.

Rannsóknarskýrsluna má finna í Skemmunni og námsefnið er komið út í rafbókarformi hjá Menntamálastofnun, aðlagð að grunnskóla. Sýningin var sett upp á bókasafni HA og hluti af henni á ráðstefnunni Hugarflug 2019 í Listaháskóla Íslands þar sem ég hélt erindi um verkefnið.

Ég hlaut styrk úr námsstyrkjasjóði þegar ég var á lokametrunum í rannsóknarvinnunni og var hann mér kærkominn á tvennan hátt. Hann nýttist til þess að borga fyrir yfirlestur og útprentun á rannsóknarskýrslunni en einnig var hvetjandi að fá slíkt klapp á bakið, það efldi mig í vinnu minni.

Ég þakka innilega fyrir veittan styrk og hvet ykkur DKG-systur til að sækja í sjóðinn.

Björg Eiríksdóttir, kennari og myndlistamaður



Ég var hvött til að sækja um styrk til alþjóðasambands DKG árið 2013 sem ég og gerði. Ég hafði stundað MA nám í íslenskum bókmenntum að hluta til með fullu starfi en átti ritgerðina eftir. Styrkurinn gerði mér kleift að taka mér launalaust rannsóknarleyfi haustið 2013 sem ég nýtti til að gera rannsókn á miðlun menningararfsins í framhaldsskólum en um það fjallar ritgerðin. Síðan var ég í hluta starfi á meðan ég vann að ritgerðinni.

Ég var svo lánsöm að Sigrún Klara Hannesdóttir sem er öllum hnútum kunnug hjá samtökunum hjálpaði mér við umsóknina en það er nokkur vinna í kringum hana. Ég hvet konur sem eru í námi eindregið til að sækja um styrk til samtakanna. Hægt er að sækja um styrk til alþjóðasamtakanna en einnig veitir DKG á Íslandi námsstyrki. Ég er afar þakklát fyrir styrkinn sem ég fékk, hann skipti sköpum í mínu námi og auðveldaði líf mitt töluvert.

Rósa Marta Guðnadóttir
Epsilondeild





Ég fékk hvatningu frá mínum samstarfsskonum í Epsilondeild að sækja um styrk til þessa verkefnis þegar ég var að vinna að því vorið 2012. Vorið 2013 var haldið Landsambandsþing á Hótel Heklu á Skeiðum og þá fékk ég fregnir af því að ég hafði hlotið styrk fyrir verkefnið mitt. Mér þótti mjög vænt um þessa viðurkenningu og sérstaklega var hún gleðileg þar sem umsjón þingsins var í höndum deildarinnar minnar sem hafði hvatt mig í upphafi að sækja um styrkinn.

Kærar þakkir fyrir mig.

Eydís Katla Guðmundsdóttir, gjaldkeri Epsilondeildar og félagskona síðan í maí 2007

Vorið 2012 lauk ég meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Lokaverkefnið var 30 ETC eininga meginleg rannsókn þar sem markmiðið var að kanna hvaða áhrif þátttaka í Grunnmenntaskóla hafi haft á þátttakendur með áherslu á eflingu sjálfstrausts og hvatningu til áframhaldandi náms. Grunnmenntaskóli er námstilboð á vettvangi fullorðinsfræðslunnar sem er ætlað að koma til móts við fullorðið fólk með litla formlega menntun og vill efla sig í almennum greinum. Ástæða þess að ég valdi þetta viðfangsefni er sú reynsla sem ég hef aflað mér í starfi mínu sem náms- og starfsráðgjafi við Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi. Fyrir marga eru það stór og þung skref að hefja nám að nýju. Hindranir sem í fyrstu virðast óyffirstíganlegar koma ekki í veg fyrir að einstaklingarnir nái ákveðnum árangri, sem ekki er alltaf mælanlegur en veitir þeim samt sem áður hvatningu og aukna trú á sjálfa sig. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu meðal annars til kynna að langflestir telja að námið hafi eflt sjálfstraust þeirra og sé hvatning til áframhaldandi náms.





Blóm

Þú vaknar. Og meðan þú vaknar
kliðar á glugga regn
- ekki súrt ekki eitrað –

hreint einsog tár
einsog lækurinn tæri forðum.

Regn af himni
blómum jarðar
að bergja.

Þú leggur við hlustir:
þau spretta í húminu
vonarblómin.

Ingibjörg Haraldsdóttir





Markmið samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að menntamálum/fræðslustörfum víðsvegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á einhverju sviði menntamála/fræðslumála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja hvers konar viðleitni til umbóta í menntamálum almennt og fyrir konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í fræðslustörfum utan samtakanna.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma:
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfu*



Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.is>

Heimasíða EvrópuForum er:
<http://dkgeurope.org>

Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://dkg.org>